

# Segulmagnað tússtöfluveggfóður

## Smart Magnetic Whiteboard Wallpaper

Segulmagnaða tússtöfluveggfóðrið er fjölnota veggfóður í fyrsta flokks gæðum. Með einfaldri uppsetningu er hægt að umbreyta vegg í hágæða tússtöflu með öflugri segulmögnun. Þar með er hægt að komast hjá því að fjárfesta í dýrri segultússtöflu fyrir skólann eða fyrirtækið; í staðinn má umbreyta veggnum sjálfum í tússtöflu með þægilegum hætti. Eftir veggfóðrun er hægt að festa segla og skrifa beint á vegginn.

Segulmagnaða tússtöfluveggfóðrið opnar fyrir marga möguleika á vinnusvæðinu. Þannig er hægt að bæta aðstöðu fyrir sköpun, skilvirkni og einbeitingu án þess að fórna hönnun rýmisins með klunnalegum veggstöflum eða töflustöndum. Hér er þér gert kleift að búa til segulmagnaðan tússtöfluflöt en halda stílnum á vinnusvæðinu.

Ef rýmið er með mikla náttúrulega lýsingu eða þið viljið bæta við möguleikum og fá segulmagnaðan tússtöfluflöt sem hentar einnig fyrir skjávarpa þá mælum við með valkosti hér á síðunni sem við köllum Segulmagnað tússtöfluveggfóður fyrir skjávarpa.

- 10 ára ábyrgð
- Helst blettalaust
- Pakkinn inniheldur verkfæri sem þarf til uppsetningar
- Má nota með öllum tússpennum, efnum og verkfærum ætluð hefðbundnum tússtöflum
- Hægt að hengja upp veggfóðrið lóðrétt eða lárétt, jafnvel á sveigða vegg
- Mælt er með að fagmaður komi að uppsetningu
- Segulkraftur: heldur uppi 3-4 A4 blöðum
- Tilbúið til notkunar eftir 48 klst
- Laus við leysiefni, isocyanates og VOC (rokgjörn lífræn efni)
- Eldvarnarvottanir fyrir atvinnuhúsnæði
- Brunavottun frá Fire – Euroclass B

### Tæknilegar upplýsingar

Flatarmál / Stærð / Þyngd

10 m<sup>2</sup> / 1.22 m x 8.25 m / 15 kg

5 m<sup>2</sup> / 1.22 m x 4.12 m / 7.5 kg

Litur: Hvítt

Gljái: Glans (98 GU við 60°)



Þykkt veggfóðurs: 0.75 mm

VOC: Laus við VOC, leysiefni og isocyanates

Vottanir: Fire – Euroclass B

Vinnsla: Segulmögnuð tússtafla með flöt sem skilar frá sér björtum og skýrum myndum

Viðeigandi fletir: Veggir, gifs, steypa, viður, málmur, hurðir og allir sléttir fletir

## Innihald

Í 10 m<sup>2</sup> og 5 m<sup>2</sup> pakkanum:

1 x Segulmagnað tússtöfluveggfóður

1 x Límmiði

1 x Veggfóðursspaði

1 x Par hanskar

1 x Örtrefja töflupúði

2 x Neodymium seglar

1 x Leiðbeiningabæklingur

## Verklýsing

- Mælt er með að tveir einstaklingar komið að uppsetningu veggfóðursins
- Passið að fá ekki brot eða krumpur í veggfóðrið og notið hanska við uppsetningu
- Verjið gólfið með plasti eða öðru viðeigandi yfirbreiðsluefni. Verjið nægilega stóran flöt til að hægt sé að leggja veggfóðrið á gólfið til að mæla og skera
- Fjarlægjið gamalt veggfóður, veggfóðurslím eða lausa málningu
- Tryggið að flöturinn sé sléttur, fyllið í holur eða sprungur með viðeigandi spartli og þússið ójafna fleti með sandpappír
- Þrifið flötinn vel. Mælt er með að þrifa vegginn með fituhreinsi, t.d. Måhartvätt frá Nordsjö
- Ómálaða eða gljúpa fleti skal grunna með vatnsþynntum grunni. Leyfið grunninum að þorna áður en uppsetning hefst
- Mælt er með að setja veggfóðrið upp lárétt yfir vegginn og byrja neðst á veggnum
- Mælið 1.22 m frá gólfi og notið blýant til að merkja lágretta línu yfir vegginn. Þetta afmarkar fyrsta renninginn af veggfóðrinu
- Mælið veggfóðrið að þeirri lengd sem er óskað eftir og skerið með dúkahníf eða klippið með beittum skærum. Mælt er með að hafa alla veggfóðursrenninga tilbúna áður en límið er borið á vegginn



- Hefðbundin veggfóðurslím og vinyl veggfóðurslím duga ekki til að hengja upp segulmagnaða tússtöfluveggfóðrið. Það þarf að nota „vinyl yfir vinyl“ veggfóðurslím.
- Þynnið límið 5% með vatni og hrærið vel
- Berið á tvær umferðir af veggfóðurslíminu. Farið léttu umferð í fyrstu yfirferð og leyfið líminu að þorna í að minnsta kosti 30 mínútur. Í seinni umferðinni skal bera límið jafnt og þétt á með stutthærðri rúllu eða pensli. Leggið svo veggfóðrið að blauta líminu
- Til að koma fyrsta renninginn fyrir er best að byrja í einu horni og rúlla veggfóðrinu yfir vegginn þannig að svarta hliðin snúi að veggnum. Notið blýantstrikið sem viðmið
- Rúllið veggfóðrið þétt og vandlega yfir vegginn. Passið að þrýsta lofti og auka lími undan veggfóðrinu við uppsetningu
- Þegar fyrsta renningi hefur verið komið fyrir skal þrýsta jafnt og þétt yfir veggfóðrið með veggfóðurspaða til að ná öllu lofti undan veggfóðrinu
- Tryggið að veggfóðrið sé alveg þétt að veggnum og að engar loftbólur séu undir áður en er haldið áfram
- Til að koma næsta renningi fyrir er hægt að beita tveimur aðferðum:
  - **Leggja saman samskeytin (mælt með)**
  - Það er mikilvægt að byrja neðst til að næsti renningur veggfóðursins sitji eðlilega ofan á neðri hlutann
  - Þar sem endarnir mætast skal þrýsta lóðrétt með veggfóðurspaðanum, upp og niður meðfram samskeytunum til að ýta þeim saman
  - Ef samskeytin eru ójöfn eða ekki alveg þétt að veggnum getur verið gott að lyfta þeim hluta veggfóðursins upp og bæta við lími þar undir
  - Skoðið yfirborð veggfóðursins og tryggið að flöturinn sé sléttur, rennið þétt yfir með spaðanum og náðið öllu lofti og auka lími undan veggfóðrinu áður en haldið er áfram
  - **Láta samskeytin skarast og tvöfaldur skurður**
  - Hengið upp næsta renning þannig að brúnin skarist yfir neðri renning um 2-3 cm
  - Gerið línu með blýant fyrir miðjunni á veggfóðrinu sem skarast umfram
  - Skerið með beittum hníf meðfram línunni í gegnum bæði undir- og yfirlögin
  - Renningarnir ættu nú að mætast. Notið veggfóðurspaðann og þrýstið lóðrétt upp og niður yfir samskeytin til að festa þau saman
- Endurtakið aðferðina sem varð fyrir valinu til að klára uppsetninguna á veggfóðrinu
- Þegar síðasta veggfóðursrenningnum hefur verið komið fyrir skal rýna vel í flötinn til að ganga úr skugga um að hvergi sé loft undir veggfóðrinu. Notið spaðann til að ýta öllu lofti út við enda veggfóðursins
- Þurrkið yfir allan flötinn með rökum klút til að hreinsa límleifar og rennið einu sinni en yfir flötinn til að vera viss um að það séu engar loftbólur
- Hlífið veggfóðrinu í 48 klst fyrir notkun
- Þrifið veggfóðrið reglulega með örtrefjaklút

Leiðbeiningamyndband: [https://www.youtube.com/watch?v=G2c\\_PWzuN9E](https://www.youtube.com/watch?v=G2c_PWzuN9E)

